

Textílmennt 3. bekkur

Kennrarar: Ingunn Elísabet Viktorsdóttir

3

Skólaárið

2025 - 2026.

Helstu námsþættir vetrarins

Í vetur fá nemendur fræðslu um íslensku ullina. Þeir fá að kemba ull með þelkömbum og síðan vinna þeir verkefni úr íslenskri ullarkembu. Nemendur þurrhæfa lítinn bolta og síðan er unnið að því hvernig hugmynd verður að hlut. Að lokum velja nemendur eina hugmynd af þrem sem þeir útfæra með svamp, plötulopa, ullarkembu og þurrhæfinál. Kennsla fer fram með innlögn í upphafi hverrar lotu. Notast verður við verklega-, sýni og einstaklingskennslu.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennt er í þrem lotum og fær hver nemandi tvær kennslustundir á viku, 60 mínútur í senn.

Námsaðlögun

Nemendur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins.

Námsmat

Leiðsagnarmat, sjálfsmat og lokamat. Kennari metur frammistöðu nemenda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra. Að vetri loknum fær hver og einn nemandi umsögn.

Námsgögn

Glærur, fræðslumyndband um ullina, bækur, blöð, leiðbeiningar, þurrhæfinálar, svampar, skæri, ullartróð, tituprjónar, tvinni, efni og önnur efni eða áhöld sem til falla.